

## 14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 41 frá 28. apríl 1967 og gefa þau út svo breytt.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 47 frá 28. apríl 1967, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Aftan við e-lið 2. gr. komi nýr liður f. svohljóðandi:

Aðra fyrirgreiðslu til fiskiskipaútgærðar, sem stofnunin getur í té látið að mati stjórnarinnar. Núverandi f.-liður breytist í lið g.

## 2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Reikningsár Samábyrgðarinnar er almanaksárið.

Í reikningum félagsins skulu koma fram tekjur og gjöld í hverri grein trygginga fyrir sig, enda skulu þeir vera í samræmi við þær reglur, sem Tryggingaeftirlitið setur.

Bráðafúatryggingarnar skulu vera sérstök deild í Samábyrgðinni með aðgreindu reikningshaldi, og ber aðalsjóður félagsins ekki ábyrgð á skuldbindingum þeirrar deildar.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

Stjórn Samábyrgðarinnar skal fyrir júnílok ár hvert senda ráðuneytinu og Tryggingaeftirlitinu reikninga félagsins fyrir næstliðið ár.

## 3. gr.

Aftan við 1. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Til aukafulltrúafundar skal boða ef þrjú eða fleiri bátaábyrgðarfélög óska þess.

## 4. gr.

7. gr. verður 15. gr. undir III. kafla, ýmis ákvæði, en verði að öðru leyti óbreytt.

## 5. gr.

8. gr. verður 7. gr.

## 6. gr.

9. gr. verður 8. gr. svohljóðandi:

Hafi skip eigi fengið haffærissskirteini endurnýjað, er heimilt að fella það úr tryggingu eftir að eitt ár er liðið frá því haffærissskirteinið rann út.

Þegar svo stendur á skal Samábyrgðin segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.

Fái skipið haffærissskirteini að nýju, skal það tekið í tryggingu að nýju að lokinni fúaskoðun.

Súðbyrt skip er eigi skylt að vát tryggja gegn bráðafúa.

## 7. gr.

10. gr. verður 9. gr.

## 8. gr.

11. gr. verður 10. gr.

## 9. gr.

12. gr. verður 11. gr., en auk þess falla niður: „Skipaskoðun ríkisins“, en í staðinn kemur: Siglingamálastofnun ríkisins.

## 10. gr.

13. gr. verður 12. gr og við greinina bætist: —, enda sé skoðunin framkvæmd samkvæmt fyrirmælum og undir eftirliti matsmanna Samábyrgðarinnar.

## 11. gr.

14. gr. verður 13. gr. og á eftir 1. mgr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Tjón skal talið tilheyra því váttryggingartímabili, þegar viðarsýnishorn þau voru tekin, er leiddu til úrskurðar um bráðafúatjón.

## 12. gr.

15. gr. verður 14. gr og orðist svo:

Ráðherra ákveður iðgjöld í samráði við Samábyrgðina, að fenginni umsögn Tryggingaeftirlitsins, og skulu þau ákveðin árlega.

Iðgjöldin falla í gjalddaga, þegar tryggingin gengur í gildi, og síðan 1. janúar ár hvert.

Iðgjöld endurgreiðast ekki, þótt um hafnarlegu eða uppistöðu hlutaðeigandi skips sé að ræða.

## 13. gr.

16. gr. flyst óbreytt undir III. kafla, ýmis ákvæði.

## 14. gr.

Úr 17. gr. 1. mgr. falla rómversku töluliðirnir II. og III., en í staðinn kemur: V.

## 15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 47 frá 28. apríl 1967 og gefa þau út svo breytt.

*Gjört að Bessastöðum 31. desember 1975.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*